


LESTU.is




...Bylting
í bókmenntum
og lestri



LESTU.IS

Lestu.is

Fyrsta rafbókasíðan á Íslandi



Það er okkur mikil ánægja að kynna fyrstu íslensku rafrænu bókasíðuna sem við köllum einfaldlega LESTU.is. Þar verður boðið upp á vandaðar bækur af ýmsu tagi til að lesa beint af tölvunni eða í þeim nýju tækjum sem útbúin hafa verið sérstaklega til þess brúks og eru að ryðja sér til rúms. Fyrsta kastið verður megináherslan á sígildar íslenskar bækur, en smátt og smátt færum við út kvíarnar með nýrri íslenskum bókum og völdum erlendum bókum. Við stefnum að því að bjóða upp á heildarverk eftir öll íslensk höfuðskáld og rithöfunda frá fyrri tíð og ýmislegt fleira.

Samhliða bókunum verður boðið upp á margs konar ítarefni sem styður textana og hjálpar skólum og einstaklingum að nýta sér þá betur. Þar má m.a. nefna

- kynningar á völdum höfundum og verkum.
- stutt námskeið með völdum verkum og/eða höfundum.
- fróðleik af ýmsu tagi, s.s. myndbandsviðtöl við höfunda og annað bóka fólk.

Verður allt þetta aðgengilegt á Lestu.is

Eins og áður sagði bjóðum við upp á bækur til niðurhals og staka texta sem miðast við ákveðna stærð. Það verður t.a.m. ekki hægt að sækja einstök ljóð eða örstutta textabúta. Minni textar, eins og ljóð, verða settir upp í bókum með fleiri ljóðum eða sögum. Geta notendur svo valið hvað þeir nota úr hverri bók.

Lestölvur og leiðbeiningar

Til að koma til móts við flesta notendur, gefst áskrifendum okkar kostur á að sækja textana í ólíkum sniðum, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum best. Teljum við þetta mjög mikilvægt, einkum nú þegar ólík tæki og ólíkar útfærslur lestölva berjast um markaðinn. Þau snið sem við bjóðum upp á til að byrja með eru eftirfarandi:

- **pdf**
- **Kindle**
- **flettibókaform fyrir allar tölvur**
- **ePub**
- **iPad**

Ef óskað verður eftir fleiri útfærslum munum við reyna að koma til móts við þær óskir.

Annað sem rétt er að benda á í þessu sambandi er kennslusíða okkar, en við munum setja upp sérstaka síðu þar sem við bjóðum upp á leiðbeiningar í því hvernig á að sækja efnið í ólíkum sniðum og fyrir mismunandi tæki.

JÚLÍANA JÓNSDÓTTIR

STÚLKA

Ljóðmæli



LESTU.IS

Af hverju Lestu.is

Umhverfi bóka, tímarita, dagblaða og alls ritaðs máls hefur þróast mjög mikið á undanförunum árum með aukinni tækni og mun á næstu árum þróast enn frekar. Með tilkomu sérstakra lestölva (Kindle, iPad, eReader o.fl.) má ætla að þróunin verði enn hraðari.


Lestölvur sem geta geymt fjölda texta (bóka) eru framtíðin. Í slíkum tölvum er hægt að geyma fjölmarga texta, skoða þá að vild, auk þess sem þær gefa mun meiri útfærslumöguleika en hefðbundnar bækur, þ.e. hægt er að velja stærð leturs, jafnvel hægt að sækja stakar orðskýringar o.s.frv. Má með nokkrum sanni segja að við séum að upplifa byltingu í meðförum ritað máls, byltingu sem enn sér ekki fyrir endann á og enginn veit með vissu hvert mun leiða.

Hefur þessi þróun nú þegar leitt af sér breytta umgengni við hið ritaða mál á ýmsum sviðum, eins og má t.a.m. sjá á stöðu og útbreiðslu dagblaða, en nú sækja stöðugt fleiri fréttir og aðrar upplýsingar á Netið og áskrifendum dagblaða

fækkar. Getur þetta haft ófyrirséðar afleiðingar í för með sér bæði hvað varðar almennt fréttalæsi og fréttáöflun.

Hvað varðar bókmenntaverk og bækur almennt gefur þessi nýja tækni mikil og fögur fyrirheit, ekki síst hvað varðar eldri texta sem oft á tíðum er erfitt að verða sér úti

um nema í bókasöfnum og þá með takmarkaðar notkunarheimildir. Að geta sótt sér eldri texta og bókmenntir milliliðalaust og sett inn á lestölvu kemur til með að gjörbylta því umhverfi sem menn þekkja bæði almennt og í námi.



En ef þessi nýja tækni á að njóta sín til fullnustu er nauðsynlegt að hafa aðgengilegt mikið magn af textum sem styðja við þróunina. Það er einmitt það sem við á Lestu.is höfum unnið að og munum vinna að í framtíðinni.

Nú þegar höfum við útbúið safn af textum sem hægt er að sækja og í hverri viku bætast nýir textar við. Er það takmark okkur að hafa


á boðstólnum innan tíðar allan bókmenntaarf okkar Íslendinga, ásamt völdu erlendu efni.

Vefsíður af þessu tagi er að finna víða úti í heimi, en enn sem komið er hefur lítið verið að hægt að sækja á þennan hátt af íslensku efni. Er ekki seinna vænna að byrja á því þannig að við séum ekki eftirbátar annarra þjóða.

Lestu.is fyrir skóla

Því hefur verið spáð að rafbækur muni í nánustu framtíð koma til með að leysa hefðbundnar kennslubækur af hólmi að einhverju marki. Víst er að þessi framsetning höfðar til ungs fólks og býður upp á fjölbreytta möguleika, sem gæti haft mikinn sparnað í för með sér, bæði fyrir menntastofnanir og heimili.

Er erfitt um þetta að spá, en þó er það alveg ljóst að þessi nýja tækni á eftir að hafa mikil áhrif á nám í framtíðinni.




Útprintaðar bækur

Printað eftir samkomulagi

Þó svo að megináherslan hjá okkur séu rafbækur sniðnar að þeim tækjum og tólum sem eru að ryðja sér til rúms, ætlum við einnig að bjóða upp á útprintaðar bækur, þ.e. ef óskað er eftir að fá einhverja bókanna okkar sem útprintaða bók, þá bjóðum við upp á slíka staka prentun. Vissulega kostar þá hver bók eitthvað tiltekið, en þjónustan er til staðar fyrir þá sem þess óska. Það er jú alltaf gaman að eiga sumar bækur á prenti.

Bækurnar eru einfaldar í uppsetningu en smekklega unnar og stærðin er samsvarandi hefðbundnum vasabrotsbókum.



Getum við boðið bækur í þessu formi allt upp í 250 blaðsíður, en ef viðkomandi bók er lengri en það skiptum við henni í tvær bækur.

Eins og gefur að skilja með slíka prentun þar sem einungis er printað eftir pöntun, þá er um heldur dýrari framleiðslu að ræða, en við munum reyna að halda verðinu eins mikið niðri og okkur er mögulegt. Má ætla að hver prentuð bók kosti í þessu formi um 2.000 krónur og verður það að teljast nokkuð vel sloppið.

Rafrænt bókmenntatímarit!

Skráðir notendur Lestu.is geta einnig sótt nýtt rafrænt bókmenntatímarit. Þar verður fjallað um bókmenntir í víðum skilningi og reynt að koma til móts við hinn almenna lesanda.

Í hverju tímariti kynnum við einn ákveðinn höfund, bjóðum upp á valið efni eftir hann, stutt æviágrip og fleira sem tengist honum.

Þá munum við bjóða upp á stuttar umfjallanir um valdar bækur sem er hægt að sækja á Lestu.is eða verður það í náinni framtíð. Auk þess verður boðið upp á viðtöl við höfunda, alls kyns smælki, þrautir og hvaðeina sem almennum lesendum ætti að þykja bæði gagn og gaman að.

Tímaritið mun koma út á tveggja mánaða fresti eða sex sinnum á ári og verður einungis aðgengilegt á vefnum en vissulega getur og hver og einn prentað sér eintak ef áhugi er fyrir því.


Bóklúbbar og leshringir

Til að hjálpa ykkur að kynnast og tileinka ykkur höfunda og bækur sem þið þekkið ekki, munum við svo í náinni framtíð skipuleggja lestrarhópa um einstakar bækur og stutt námskeið um valdar bækur eða höfunda.

Samhliða því verður boðið upp á alls kyns ítarefni s.s. vídeóviðtöl við sérfræðinga og höfunda og annað. Já, nú geta allir þrætt víðar lendum íslenskra bókmennta með okkur á Lestu.is.



Lestu



...þig í gegnum
bókmenntasöguna

...þig í gegnum
fornsögurnar

...þig í gegnum
Íslandssöguna

L E S T U .IS